



Innviðaráðuneytið
Sent í gegnum samráðsgátt

Borg, 11. september 2023

Efni: Umsögn um mál nr. 139/2023 – Drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál)

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál).

Sveitarfélagið er aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur skilað inn umsögn og og er sveitarstjórn í öllum atriðum sammála þeirri umsögn og gerir að sinni og þá sérstaklega kaflann um búsetufrelsi.

Sveitarstjórn ítrekar líka umsögn sína vegna grænbókar um skipulagsmál vegna búsetufrelsis þar sem segir:

„Í umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2022 um grænbók um sveitarstjórnarmál komu fram áhyggjur vegna notkunar á hugtakinu búsetufrelsi. Síðan þá er orðið skýrara að hugtakið eigi að endurspegla „þá sýn að lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að geta búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar sem er á landinu“ eins og segir í grænbók um skipulagsmál á blaðsíðu 8 og 9. Sveitarstjórn fagnar því að Innviðaráðuneytið fari enn lengra í útskýringum sínum á hugtakinu en í grænbókinni á blaðsíðu 9 segir; „Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgönguhátta óháð staðsetningu á landinu er því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi. Með áherslu á búsetufrelsi er ekki verið að opna fyrir að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabygging“.

Hafa þarf í huga að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Sveitarfélögin fylgja eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnum sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja.“

Í ljósi þess að eftirfarandi atriði koma fram í drögunum:

-á blaðsíðu 8 segir „að skortur sé á sveigjanlegu húsnæði sem krefst minni skuldbindingar en íbúðarkaup“,

-á blaðsíðu 11 segir „Skapa þarf skilyrði til að öll hafi aðgengi að góðu og öruggu húsnæði með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði sem hentar ólíkum þörfum hvers og eins“,



-á blaðsíðu 18 segir „Nýta atvinnuhúsnæði sem ekki hentar lengur sem slíkt en er staðsett nálægt innviðum íbúðabyggðar, svo sem skólum, og kæmi til greina að nýta til búsetu samræmist það áformum viðkomandi sveitarfélags“, vill Grímsnes- og Grafningshreppur að það sé skýrt að skipulagsvaldið er hjá sveitarstjórnunum og að farið verði áfram að lögum um lögheimili eins og þau eru í dag.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Iðna Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri